

**Ed.**

**213. Breytingartillögur**

[126. mál]

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 79 frá 6. sept. 1974, um fjáröflun til vegagerðar.

Frá Ragnari Arnalds og Jóni Árm. Héðinssyni.

Í stað 1. gr. frv. komi sjö greinar, sem orðist svo:

1. (1. gr.) 1. gr. laganna orðist svo:  
Greiða skal sérstakt innflutningsgjald af öllu eldsneyti, sem notað er á bifreiðar, þ. á m. bensini, dísilolíu og steinolíu. Gjald þetta skal frá og með 1. janúar 1976 nema kr. 16.00 af hverjum lítra.
2. (2. gr.) Í 4. gr. laganna komi í stað „bensín“: eldsneyti.
3. (3. gr.) 5. og 6. gr. laganna falli niður.
4. (4. gr.) 7. gr. laganna orðist svo:  
Bannað er að viðlögðum sektum að nota olíu, sem keypt hefur verið til annarra nota, á bifreiðar. Ráðherra ákveður með reglugerð hámark sekta.  
Einnig er heimilt að ákveða með reglugerð að skuldbinda innflytjendur olíu til sérstakra aðgerða til að koma í veg fyrir að olía, sem keypt er til annarra nota, sé notuð á bifreiðar.
5. (5. gr.) Upphaf síðustu mgr. 8. gr. laganna orðist svo:  
Eigendur jeppabifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts skv. 1. gr., sem nemur 20 þús. kr., sanni þeir með vottorðum o. s. frv.
6. (6. gr.) Í 9. gr. laganna komi í stað „bensíngjalds og þungaskatts“: eldsneytisgjalds.
7. (7. gr.) 10. gr. laganna falli niður.